

# Kaup HBT Franchise ehf. (Eignarhaldsfélagið Kolka ehf. o.fl.) á HBT ehf.

21. apríl 2026

*Kaup HBT Franchise ehf. á öllu hlutfé HBT ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Um er að ræða kaup á rekstarfélagi Hamborgarabúllu Tómasar. Samrunaaðilar starfa við sölu á skyndibita og innflutning og heildsölu matvara. Samkeppniseftirlitið lauk málinu án frekari rannsóknar á fyrsta fasa.*

1. Þann 11. mars 2026 barst Samkeppniseftirlitinu samrunatilkynning vegna kaupa HBT Franchise ehf. (hér eftir „HBT Franchise“) á öllu hlutfé í HBT ehf. (hér eftir „HBT“), sbr. d. lið 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Í samrunaskrá kemur fram HBT sé rekstrarfélag Hamborgarabúllu Tómasar með starfsemi á níu stöðum á Íslandi. Með í kaupunum fylgi vörumerki og sérleyfissamningar við sérleyfishafa sem reka Hamborgarabúlluna við Selhelli, á Selfossi og í Reykjanesbæ.
2. Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020. Með tölvupósti þann 10. mars 2026 upplýsti eftirlitið samrunaaðila um að samrunatilkynningin teldist fullnægjandi. Með hliðsjón af 2. mgr. 8. gr. reglna Samkeppniseftirlitsins um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum nr. 1390/2020 byrjuðu frestir til þess að rannsaka samrunann að líða þann 12. mars 2026. Við meðferð málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, fyrirliggjandi gagna, fyrri ákvarðana og aðgengilegra upplýsinga um viðkomandi starfsemi og samkeppnismarkaði.
3. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað ef breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki. Í samrunaskrá segir að þann 14. febrúar 2026 hafi verið undirritaður kaupsamningur á milli kaupanda og TBJ hf. (hér eftir „TBJ“) sem sé seljandi á öllu hlutfé í HBT. Ljóst er af upplýsingum í samrunaskrá að með þessum kaupum felst samruni í skilningi 17. gr. laganna.
4. Samkvæmt samrunaskrá verði HBT Franchise í meirihlutaeigu fjárfestingarfélagsins Kolka ehf. (Hér eftir „Kolka“). Í samrunaskrá kemur jafnframt fram að Kolka eigi að fullu Nathan hf. (hér eftir „Nathan“) og 50% hlut í Huppuís ehf. Kolka starfi í gegnum félagið Nathan á markaði fyrir innflutning og heildsölu matvara til stóreldhúsa s.s. mötuneyta, fyrirtækja, stofnanna og matvöruverstanna. Þá sérhæfi Emmessís, dótturfélag Nathan<sup>1</sup>, sig í framleiðslu á ís og starfsemi félagsins felist fyrst og fremst í innflutningi og framleiðslu á ísvörum. Starfsemi HBT felist í sölu á skyndibita, með áherslu á sölu á hamborgurum og tilheyrandi meðlæti. Eins og fyrr kom fram sé félagið nú í fullri eigu TBJ og eigendur þess félags séu fjórir einstaklingar.
5. Í samrunaskrá er fjallað um skipulag eignarhalds á HBT Franchise sem fari fram í gegnum nokkur eignarhaldsfélög. Af samrunaskrá má ráða að eignarhald á HBT Franchise verði með þeim hætti að

<sup>1</sup> Fjallað hefur verið um starfsemi Nathan í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 25/2019, *Kaup 1912 ehf. á Emmessís ehf.*



Kolka eignist <sup>[2]</sup> eignarhlut í gegnum félagið Ísmaðurinn ehf. (hér eftir „Ísmaðurinn“), sem sé í fullri eigu Kolku. Við samrunann muni Ísmaðurinn(Kolka) eignast <sup>[3]</sup> hlut í eignarhaldsfélaginu EIA 26 ehf. (hér eftir „EIA“) sem heldur síðan á <sup>[4]</sup> hlut í HBT Franchise. Þá mun við samrunann TBJ eignast <sup>[4]</sup> í HBT Franchise og eignarhaldsfélagið SHB ehf. <sup>[5]</sup> hlut í félaginu.

6. Enn fremur segir í samrunaskrá að við samrunann eignist félagið Ískú ehf. (hér eftir „Ískú“) 29% hlut í EIA. Þar kemur jafnframt fram að Ískú fari með 50% eignarhlut í Huppuís ehf. og sé félagið í eigu fjögurra einstaklinga sem hver fer með 25% hlut í félaginu.
7. Hvað varðar landfræðilegan markað telja samrunaaðilar að starfsemi Kolku nái til landsins alls enda sé starfsemi félagsins ekki eingöngu bundin við höfuðborgarsvæðið. Landfræðilegi markaðurinn sé þrengri fyrir starfsemi HBT eða höfuðborgarsvæðið, Reykjanes og svæðið í kringum Selfoss þar sem félagið sé í samkeppni við önnur fyrirtæki á sama markaði. Að mati aðila hafi þó skilgreining landafræðilegs markaðar ekki áhrif á niðurstöðu málsins.
8. Hvað varðar samkeppnisleg áhrif samrunans sé engin lárétt skörun í starfsemi samrunaðila að þeirra mati. Nathan sé heildsala og HBT starfi á smásölumarkaði fyrir skyndibita til neytenda. Samrunaaðilar starfi því á mismunandi stigum virðis\_keðjunnar og að mati aðila megi líta á að samruninn sé lóðréttur og skörun aðila lítil. Þar sem samrunaaðilar starfi ekki á sama sölustig, engin lárétt skörun í starfsemi þeirra og lóðrétt áhrif samrunans lítil séu samkeppnisleg áhrif samrunans takmörkuð að mati aðila.
9. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði af sér að markaðsráðandi staða myndist eða styrkist og eða hvort af völdum samrunans raskist samkeppni að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Út frá fyrirbyggjandi gögnum er Samkeppniseftirlitið sammála mati samrunaaðila að markaðshlutdeild þeirra á þeim mörkuðum sem samruninn nær til sé lítil. Á skilgreindum markaði málsins þar sem áhrifa samrunans gætir helst er því ekki unnt að álykta markaðsráðandi staða myndist eða styrkist við samrunann. Þá benda fyrirbyggjandi gögn eða önnur atriði ekki til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti.
10. Að öllu framangreindu virtu er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins sú að ekki séu vísbendingar um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni. Er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna þessa samruna og lýkur því meðferð málsins á fyrsta fasa.

#### Ákvörðunarorð:

**„Kaup HBT Franchise ehf. á öllu hlutafé í HBT ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að hafast frekar að í máli þessu.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

---

<sup>2</sup> Trúnaðarmál

<sup>3</sup> Trúnaðarmál

<sup>4</sup> Trúnaðarmál

<sup>5</sup> Trúnaðarmál